

# Kónguló á gólfinu

Það er (D)kónguló sem spinnur vef á (A)gólfinu  
að er (A)kónguló sem spinnur vef á (D)gólfinu  
Hvað er (G)hún að gera inni  
hér á (D)deildinni minni?  
Það er (A)kónguló sem spinnur vef á (D)gólfinu!

Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum x2  
Ég stappa fótunum og hoppa  
en hún ætlar ekki' að stoppa!  
Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum

Það er kónguló sem spinnur vef á maganum x2  
Og svo hunsar hún mig bara  
er ég segi' henni að fara!  
Það er kónguló sem spinnur vef á maganum

Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum x2  
Nei, nú fór hún yfir strikið  
Þetta kitlar allt of mikið!  
Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum

Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu x2  
Það getur varla orðið verra  
Því hún fær mig til að hnerra!  
Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu...  
Atjúú!

Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu x2  
Svo nú fer ég bara' í sturtu  
til að skola henni' í burtu!  
Það er kónguló sem spinnur vef í hárinu

... en nú hoppar hún af!

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2  
Hún á ekki' að vera inni  
hér á deildinni minni?  
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu...

